

Ágætu landsfundarkonur,

Ég vona að þið hafið allar í höndunum blöðin með hugmyndum okkar að breyttu skipulagi fyrir málefnavinnu Kvennalistans, og hafið studerað þau dálitið síðasta sólarhringinn eða svo. Þessum hugmyndum ætla ég nú að fylgja ur hlaði með fæinum orðum, einkum til að útskýra hvers vegna við leggjum þær fyrir þennan landsfund, og hvað það er sem við óskum að ná fram með nyju skipulagi.

Við státum okkur oft af því, kvennalistakonur, að samtök okkar séu lyðræðisleg grásrótarsamtök, þar sem frumkvædi, stefnumótun, og ákvarðanataka komi frá stórum hópi kvenna. Við segjumst vera i ábyrgum og frjóum stjórnmálaþamtökum sem sifellt endurskoði stefnu sína á hinum ymsu málaflokkum. Við viljum trua því að við leggjum ekki fram tillögur eða stefnumál nema að loknum ítarlegum undirbuningi.

Ef grant er skoðað, kemur hins vegar allt önnur mynd í ljós. Við sem höfum verið að vinna að þessum nyju skipulagshugmyndum teljum að grásrótin í kvennalistanum sé í raun ákaflega þreytt, eða í besta falli í löngu orlofi. Frumkvæði grásrótar hefur verið sjaldséð undanfarin misseri. Það heyrist sjaldnast í henni nema á fundum sem þessum, og eitt er vist: grásrótin tekur fæstar af þeim pólitisku ákvörðunum sem Kvennalistinn stendur fyrir. Hér vantar virkni hinnar almennu kvennalistakonu, áhrif hennar og ábyrgð. Þessar staðreyndir ýta ekki bara til hliðar í mynd okkar um Kvennalistann, heldur viljum við meina að til lengri tíma litið geti svona ástand haft mjög slæm áhrif á stefnu okkar og framtíð sem stjórnmálahreyfingar.

Við í þessum undirbúningshópi gefum okkur þær forsendur að Kvennalistinn ætli sér að halda áfram á þeirri braut sem við höfum arkað undanfarin ár. Það er að segja, að við vilum halda áfram að taka þátt í pólitikinni og stefnum að enn meiri áhrifum með ríkisstjórnarþátttöku í náinni framtíð. Að þessum forsendum gefnum þykir okkur augljóst að við kvennalistakonur verðum að breyta mjög vinnubrögðum okkar. Við verðum að sjá til þess að fleiri konur komi að stefnumótun og ákvarðanatöku í samtökunum, að málefnavinnan verði

samfelliðari, svo að hægt sé að breyðast við breytingum og þróun, og við þurfum að huga meira að nylidun. Konur þurfa sérstaklega að grafa dypra ofan í stefnumál okkar, umfæra þau í meiri smáatriðum, svo að við getum með stolti lagt fram ábyrga og framkvæmanlega valkostí á tímum sem þessum þegar allir virðast fremur ráðþrota og á leið inn í eitt allsherjar skammdlegispunglyndi. Slik vinna getur ekki farið fram hér nema ef við tökum allar höndum saman og skipuleggjum okkur betur. Það er óábyrgt, óraunhæft og óásæltanlegt að ætla þingkonum okkar eða öðrum mólsvörum innan kerfisins að hafa öll svör á reiðum höndum. Við getum ekki ætlast til þess að þær leggi fram frjóar tillögur og lausnir og taki ákvárdanir fyrir okkar hönd án föluverðs framlags af okkar hálfu. Þær hafa hvorki tima til þess, né i raun umboð, ef tulka á grasrótarhugmyndafræði Kvennalistans bókstaflega. Það hefur líka synt sig í undirbuningi þessa landsfundar að meir og samfelliðri málefnavinna er nauðsynleg. Okkur vantar lengri tima til að skoða mal í sameiningu, og margar konur eru ósáttar við að láta frá sér eða styðja stefnumál sem að þeirra mati mætti vinna betur með aukinni þáttföku. Stundum hef ég það á tilfinninguni að meiri umræða og vandaðri málefnavinna sé forsenda þess að þessar konur haldi áfram starfi sínu með Kvennalistanum.

Sumar sem starfað hafa með frá upphafi kunna nu að hugsa sem svo að hér áðurfyrri hafi ekki þurft að skipuleggja þáttföku og bakhópavinnu svo stift, konum var mál að tala, syna frumkvæði, móta stefnu, og ráða ráðum. Þá þurfti ekkert að messa, konur gerðu það sem þær vildu gera og segja. – og það sem þurfti að gera og segja –, án einhvers sérstaks vettvangs í fastmótuðu skipulagi. En við verðum einfaldlega að horfast í augu við þá staðreynd að svona er þetta ekki lengur. Það kann að hafa með tilarandann að gera, eða einfaldlega það að Kvennalistinn hefur slitið barnsskónum og er orðinn, hvort sem okkur likar betur eða verr, eins konar stofnun. Af þeim sökum er ef til vill erfðara að nálgast hann, að finna sér stað og verkefni innan samtakanna.

Við teljum að með góðri sátt um þetta endurnýjaða bakhópaskipulag sem við nú leggjum fram, geti orðið til skipulegri vettvangur til markvissrar og itarlegrar málefnavinnu, sem konur geti gengið að til að taka þátt og hafa áhrif. Starfið ætti að geta orðið mun liflegra – og lyðræðislegra – en nu er, og vonandi verður auðveldara að visa konum, sérstaklega, nyjum, á starfsvettvang innan Kvennalistans.

Ég ætla mér ekki að fara mikil út í tillögurnar sjálfar. Þær liggja ju fyrir framan ykkur, en við viljum leggja sérstaka áherslu á að i væntanlegu starfi þankabankanna verði viða sölt fanga. Það er mjög mikilvægt að við getum virkjað þær konur sem lengi hafa starfað með Kvennalistanum, til að koma bönkunum í gang og miðla af þekkingu sinni og reynslu. Þær eru því mjög svo ákjósanlegur kostur í störf ábyrgðarkvenna, eða bankastyra, eins og okkur hefur dottið í hug að kalla þær. Segið svo að reyndar Kvennalistakonur eigi ekki hátt sett störf innan bankakerfis vis eins og hliðstæður þeirra í öðrum stjórnimálasamtökum!

Þó svo að við Kvennalistakonur séum auðvitað allar einstaklega klárar, teljum við að það sé nauðsynlegt að við sækjum einnig upplýsingar og gögn út fyrir Kvennalistann í meiri inngili en nu er. Við þurfum vikilega að garfa í málum, sækja heim sérfræðinga á þeim svíðum sem við erum að vinna að á hverjum tíma eða kalla þá til okkar á fundi. Það er í þessum tilgangi sem við höfum dreift til ykkar tengiliðablöðum, og við hvetjum ykkur til að leggja höfuðið í bleyti og skila þeim inn, svo að við lok landsfundar getum við haft í höndunum visi að lista yfir folk sem gæti orðið að liði við málefnnastarf.

Að lokum vil ég, fyrir hönd hópsins, leggja til að landsfundur samþykki þessar tillögur til reynslu næsta árið. Okkur skilst af lögum og starfsreglum samtakanna að við séum orðnar of seinar með að leggja fram formlegar breytingartillögur, enda finnst okkur ráð að reyna nyjar aðferðir áður en þær eru lögfestar. Eins og við hugsuðum þetta myndu þankabankar nota næstu tvo til þrjá mánuði til að koma sér í gang og skipuleggja starf sitt. Við ætlum þessum undirbúningi ruman tíma, því að af reynslu vitum við að það er erfitt að taka að sér ny og krefjandi verkefni þegar liður að jólahátiðinni. Framkvæmdaráðið nyja myndi svo hittast í lok januar eða byrjun február, og þá hefðist hinn raunverulegi reynslutími nyja skipulagsins. Svo vona ég að konur ræði þetta mikil og vel sin á milli hér á eftir, og komi með sinar athugasemdir og tillögur. Okkar tillögur eru að sjáfsögðu ekki óumbreytanlegar, en um forsendur nyrra starfsháttu þurfum við að vera sammála.